Frá hugmynd að fullkláruðu verki: Að gefa út bók sem ætluð er til kennslu á háskólastigi

- *Guðmundur Oddsson, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri*

Fyrr á þessu ári kom út kennslubókin *The Power of Sociology: Grasping Our Unequal World* eftir Guðmund Oddsson, Jenny M. Stuber og James M. Thomas á vegum SAGE háskólaútgáfunnar. Um er að ræða inngangsbók í félagsfræði fyrir háskólanema sem leggur sérstaka áherslu á félagslegan ójöfnuð, alþjóðlegan samanburð og samfélagsvirkni. Það sem einkennir einnig bókina er áherslan á vald, sem er eitt allra mikilvægasta hugtak félagsfræðinnar. Bókin hefur aukinheldur alþjóðlegri skírskotun en aðrar inngangsbækur í félagsfræði. Jafnframt hvetur efni kennslubókarinnar lesendur til að líta á sig sem virka þátttakendur í samfélaginu sem geta lagt sitt af mörkum til að gera nærumhverfi sitt og heiminn að betri stað. *The Power of Sociology* er einkum ætluð grunnnemum í inngangsnámskeiðum í félagsfræði í Bandaríkjunum. Hins vegar er bókin alþjóðlegri en aðrar bækur af þessu tagi og hentar því einnig vel til kennslu í öðrum löndum, þar með talið hérlendis. *The Power of Sociology* kom út sem kilja, rafbók og í stafræna lærdómsumshverfinu SAGE Vantage sem býður upp á ýmsa valkosti á borð glósur, myndbönd og hljóðbókaspilara sem leyfir lesendum að hlusta á bókina. Sjaldgæft er að Íslendingar skrifi og gefi út kennslubækur á háskólastigi á erlendri grundu og í erindi sínu mun Guðmundur Oddsson fjalla um tækifærin og áskoranirnar sem felast í slíkri vegferð. Í erindinu verður stiklað á stóru um efni bókarinnar og staldrað við þau mörgu fræðilegu, kennslufræðilegu og hagnýtu horn sem höfundar þurftu að líta í á leiðinni að útgáfu kennslubóka.

Lykilorð:

Námsbókagerð – kennslufræði námsbóka